



Leikur sem náms og þroskaleið – LEN2A05

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Súsanna Oddsdóttir

Netfang/netföng:

susanna.oddsdottir@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á mikilvægi leiksins sem náms- og þroskaleið í uppeldi hvers barns. Áhersla er lögð á leikþroska eftir aldurstigi og hvernig börn leika sér. Unnið verður með mismunandi flokkun leikja, fjallað um hlutverkaleiki og mismunandi menning kynjanna er skoðuð með tilliti til leiksins. Jafnframt um mikilvægi leiksins fyrir félagsleg samskipti barna og málörvun. Einnig að nemendur öðlist þekkingu á hvernig hægt er að nýta sér leikinn sem leið í kennslu barna. Nauðsyn þess að starfsmenn skóla virði leikþörf barnsins og tryggi heppileg leikskilyrði. Í kennslunni verður gert ráð fyrir virkri þátttöku nemenda m.a. með umræðum, verklegum æfingum og vettvangsheimsóknum.

Þekking, leikni, hæfni:

Er að nemendur:

- fái innsýn í mismunandi kenningar um leik
- geri sér grein fyrir helstu einkennum leiks eftir aldri og þroska barna
- fræðist um málþroska barna og orða- og hugtakþjálfun í leik
- kynnist hvernig og hvað börn læra í leik
- átti sig á mismunandi leikmenningu kynjanna
- þekki helstu flokka leiks
- þekki mun á sjálfsþrottnum og skipulögðum leik
- kynnist hlutverki hins fullorðna í leik barna
- Öðlist jákvæð viðhorf og virðingu gagnvart leik barna
- Kynnist helstu uppeldisstefnum leikskóla.

Námsmat:

Virgni í lotum 10% og umræðutímar, mæting og virkni 15% (þar af innlegg 2.5%) = **25%**

Verkefni **35%**

Ritgerð **20%**

Heimaþróf **20%**

Námsgögn:

- Leikur og leikuppeldi, Valborg Sigurðardóttir, 1991.
- Greinar og annað lesefni sem kennari setur á Innu

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

**Nemendur verða að skila ritgerð og heimaþrófi til að standast áfangann OG vera með lágmark 50% mætingu og virkni í umræðutíma og lotur*

**Til að mæting í umræðutíma teljist gild þarf nemandi að setja inn 5 umræðuinnlegg í hvern umræðutíma, innlegginn þurfa að vera innihaldsrík, „já“, „nei“, „veit ekki“ og „sammála“ telja ekki.*

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-8. janúar	<u>Staðlota 1</u> – Kynning á áfanganum, Saga leiksins	Staðlota 1
2	9.-15. janúar	Leikurinn í ljósi sálkönnunar, Freud, Erikson bls. 19- 30 - UT1	
3	16.-22. janúar	Leikurinn í ljósi sálkönnunar, Erikson, Winnicott bls. 19 –30 - UT2	Verkefni 1
4	23.-29. janúar	Leikurinn í ljósi Vitþroskakenninga - Jean Piaget, bls. 31-60 - UT3	
5	30. jan- 5. febrúar	Leikurinn í ljósi Vitþroskakenninga - Jean Piaget, bls. 31-60 - UT4	Verkefni 2
6	6.-12. febrúar	Leikurinn í ljósi sovéskra sálfræðikenninga bls. 61-75 - UT5	Verkefni 3
7	13.-19. febrúar	Hvað er leikur? - UT6	
8	20.-26. febrúar	Uppeldisstefnur leikskóla – UT7	
9	28. febrúar- 5. mars	<u>Staðlota 2</u> – Kynning á ritgerð, kynning á vettvangsheimsókn	Staðlota 2
10	6.-12. mars	Leikurinn í ljósi boðskiptakenninga, Bateson og Garvey bls. 75-90 - UT8	
11	13.-19. mars	Leikurinn í ljósi boðskiptakenninga, Schwartzman og Olofsson bls. 90-104 – UT9	Verkefni 4
12	20.-26. mars	Vettvangsheimsókn - UT10	Verkefni 5
13	27. mars – 2. apríl	Ritgerðarvinna	Ritgerðarskil
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-16. apríl	„Við getum kennt þeim svo margt í gegnum leik“ - UT11	
16	17.-23. apríl	Aðalnámsskrá leikskóla - UT12 Sumardagurinn fyrsti 20. apríl	
17	24.-30. apríl	Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna - UT13	Verkefni 6
18	1.-7. maí	<u>Staðlota 3</u> - ritgerðakynningar ofl. Leikur ungra barna - UT14	Staðlota 3
19	8.-14. maí	Heimapróf – UT15	
20	15.-16. maí	Einkunnaskil og annarlök	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.

Umræðutímar verða á fimmtudögum kl 16:35-17:35